



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 6. september 2021
MÍ202108-0062/ 6.10 / K.M.

Efni: Breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands hefur móttekið bréf skipulagsdeildar Kópavogsbæjar frá 19. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Með bréfinu fylgdi m.a. yfirlitsmynd Vegagerðarinnar þar sem verkmörk þessa hluta Suðurlandsvegarins eru sýnd.

Fornleifavernd ríkisins (forveri Minjastofnunar Íslands) veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum breikkunar Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 26.03.2009. Þar var m.a. fjallað um breikkun vegarins á þeim kafla sem hér er til umfjöllunar.

Í tengslum við vinnslu mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar frá Hólmsá að Hveragerði voru fornleifar skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fyrir liggur skýrsla Skriðuklaustursrannsóknna frá árinu 2006, *Fornleifakönnun – vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði*.

Á vegakaflanum milli Fossvalla og Lögbergsbrekku voru eftirtaldar minjar skráðar. Skáletaður texti er úr fornleifaskráningarskýrslu:

GK:B13. Garðlag. Í Lækjarbotnum um 30 metrum norðan við þjóðveg, er að finna skjólgarð í líkingu við þá sem eru á túni Litlalandis. Hlutverk gæti tengst garðrækt. Um 5 x 6 metrar að utnamáli.

GK:B14. Tóftir. Í Lækjarbotnum, um 5 og 10 metrum norðan við þjóðveg, er að finna tóftir mjög nálægt hvor annarri. Hugsanlega gætu þær tengst fjárrekstri. Um 7 x 9 metrar og 12 x 4 metrar að utnamáli.

GK:B15. Vegur. Í Lækjarbotnum, norðan frá þjóðvegi, er að finna stuttan vegarspotta sem liggur upp að húsagrunnum. Hann virðist ekki hafa verið notaður í langan tíma og er grasi vaxinn innan girðingar.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

GK:B16. Hús. Í Lækjarbotnum, norðan frá Þjóðvegi, er að finna tvo húsgrunna. Sá sem stendur neðar í brekkunni er steypdur en hlaðinn meðfram köntunum. Sá sem stendur ofar er hlaðinn. Á milli þeirra liggur steypst stétt. Í brekkunni er að finna hvíltir sem gætu hafa verið skjólgarðar.

GK:B17. Túngarður og tóftir. Í Lækjarbotnum, um 15 metrum sunnan frá Þjóðvegi, er að finna fornan túngarð líklega í kringum gamla bæjarstæðið í Lækjarbotnum, áður Lögbergi. Þetta eru friðlýstar borgarminjar og innan túnsins má m.a. finna fjárhús, heimagrafreit og aðrar rústir.

GK:C1. Hús. Fast austan við afleggjarann að Waldorf-skólanum eru grunnar sem líklegt verður að teljast að séu 20. aldar minjar, e.t.v. herminjar. U.þ.b. 4 x 4 metrar, stikað. Út frá þeim er hleðsla og leifar af tréstauro.

GK:C2. Hús. Fast austan við afleggjarann að Waldorf-skólanum eru grunnar sem líklegt verður að teljast að séu 20. aldar minjar, e.t.v. herminjar. U.þ.b. 7 x 4 metrar, stikað.

GK:C3. Rétt. Á friðlýstu svæði, Borgum, er að finna réttir úr timbri. Líklega 20. aldar minjar.

Í frummatsskýrslu sagði að minjar (B13-B16) sem eru norðan vegar myndu líklega hverfa vegna tvöföldunar vegarins, eða skerðast verulega. Fornleifavernd ríkisins taldi að mæla þyrfti minjarnar nákvæmlega upp. Grafa þyrfti könnunarskurði í B13, B14, og í hlaðinn húsgrunn og hvíltir sem tilheyra B16. Niðurstöður úr greftri könnunarskurðanna gætu leitt til þess að gera þyrfti frekari rannsóknir á minjunum.

Í frummatsskýrslu sagði að minjunum (C1, C2 og C3) stafaði mikil hættu af tvöföldun Suðurlandsvegar. Minjarnar eru taldar vera frá síðustu öld. Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að minjar 100 ára og eldri teljist til fornleifa. Umræddar minjar falla því líklegast ekki undir skilgreiningu laganna um fornleifar og njóta sennilegast ekki verndar skv. þeim. Í umsögn sinni taldi Fornleifavernd ríkisins engu að síður mikilvægt að minjarnar yrðu mældar nákvæmlega upp og ljósmyndaðar ef ekki yrði komist hjá því að raska þeim.

Í frummatsskýrslu kom fram að minjar sunnan vegar við Lögmannsbrekku (B17) væru ekki í hættu vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar. Fornleifavernd ríkisins taldi því að ekki þyrfti að grípa til sérstakra ráðstafana vegna minjanna en minnti á að hér væri um mjög merkar fornleifar að ræða.

Nýlega sendi Vegagerðin Minjastofnun erindi þar sem óskað var eftir umsögn um framkvæmdir við hliðarveg í Lækjarbotnum. Vegurinn á að liggja frá Suðurlandsvegi að Waldorfskóla. Ekki er fjallað um hliðarveginn í umsókn Vegagerðarinnar til Kópavogsbæjar um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Árið 2020 kom út skýrsla Fornleifafræðistofunnar, *Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir skráningu fornleifa sem Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur gerði. Meðal fornleifa sem skráðar voru eru minjar sem tilheyra bæjarstæði Lækjarbotna (64:1-5). Taka þarf tillit til minjanna við útfærslu hliðarvegarins að Waldorfskóla. Vestan við bæjarstæði


Lækjarbotna voru tvö gerði (67:1 og 68:1) skráð. Hliðarvegurinn mun liggja um það svæði.

Í umsögn sinni til Vegagerðarinnar, dags. 16.07.2021, taldi Minjastofnun að setja þyrfti útlínur fornleifanna á loftmynd/kort ásamt fyrirhuguðu vegstæði hliðarvegar og fyllingum. Gera þyrfti grein fyrir hvernig fyrirhugað væri að forðast rask á fornleifunum. Minjastofnun Íslands myndi taka afstöðu til framkvæmda við nýjan hliðarveg að Waldorfskóla þegar fyrir lægir hvaða áhrif framkvæmdin hefði á fornleifar.

Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn því að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku að því gefnu að uppfylltar verði þær kröfur um mótvægisáðgerðir vegna minja sem fram koma í umsögn Fornleifaverndar ríkisins frá 26.03.2009.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Ritari skipulagsdeildar (karlottah@kopavogur.is)

